

Aðalfundur NAUST

(Náttúruverndarsamtök Austurlands)



Haldinn á Hótel Héraði 5.apríl 2019

Fundurinn var auglýstur kl. 18.30 en fundargestir byrjuðu á því að þiggja súpu og brauð áður en gengið var til dagskrár um kl. 19.00.

Mættir voru:

Ragna Fanney Jóhannsdóttir, Kristín Amalía Atladóttir, Guðrún Schmidt, Gréta Ósk Sigurðardóttir, Guðmundur Ármannsson, Víglundur Gunnarsson, Ína Dagbjört Gísladóttir, Ragnhildur Indriðadóttir, Skarphéðinn Þórisson, Helgi Hallgrímsson, Hjörleifur Guttormsson, Halldór Stefánsson, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, Andrés Skúlasson, Kristján Ingimarsson, Philip Vogler, Daniela Gscheidel, Bryndís Skúladóttir, Þórveig Jóhannsdóttir, Ólöf Björk Bragadóttir.

Dagskrá aðalfundar

1. Fundarsetning og kjör fundarstjóra og ritara

Þórveig formaður samtakanna lagði til að Andrés Skúlason yrði fundarstjóri og Ragna Fanney Jóhannsdóttir fundarritari. Samþykkt með lófataki.

2. Aðalfundargerð síðasta aðalfundar lögð fram

Fundargerð lögð fram. Skarphéðins Þórissonar gerð athugasemd við 3. lið þar sem var óskýrt um hvað ein málsgrein snérist. Um tvö aðskilin mál var að ræða 1) er varðar girðingar í Flatarheiði og 2) er varðar girðingar sem hestamenn hafa skilið eftir. Engar athugasemdir gerðar að öðru leiti við fundargerðina og hún samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið

Lögð var fram ársskýrsla stjórnar og verkefni ársins kynnt. Formanni þakkað fyrir kynninguna. Philip óskaði eftir því að Kambanesskriður yrði breytt í Kambaskriður. Hjörleifur Guttormsson tók til máls og benti á að samtökin hefðu unnið vel þrátt fyrir umtal formanns um að vilja gera meira og ítrekaði að starf samtakanna skipti miklu máli. Hann nefndi atriði eins og verndarskipulag á Úthéraði og að Fljótsdalshérað hefði staldraði við að taka vindmillugarð inn í aðalskipulag. Hann minntist einnig á að vakning væri í umhverfismálum, ekki síst meðal ungs fólks á loftslagsmálum.

4. Skýrsla gjaldkera

Bryndís Skúladóttir fór yfir tekjur, gjöld, rekstrarafkomu og stöðu á reikningum samtakanna í fjarveru Erlu Dóru Vogler starfandi gjaldkera. Skýrsla gjaldkera samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Afgreiðsla ályktana

Lagðar voru fram fjórar ályktanir. Fyrstu tvær voru samþykktar. Eftir umræður var ákveðið að slá þriðju og fjórðu ályktuninni saman í eina og taka smá tíma í lagfæra þá ályktun.

1. Aðalfundur NAUST fagnar því að áætlað sé að vekja aftur upp samtök um Náttúruvernd á Norðurlandi - SUNN sem legið hafa í dvala. Aðalfundur hvetur stjórn samtakanna að bjóða því félagi aðstoð sína og hvetja til samstarfs.

Ályktun samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Aðalfundur NAUST 2019 hvetur stjórn samtakanna til að undirbúa sem fyrst ritun 50 ára sögu þeirra sem lægi fyrir á hálfri aldar afmælinu síðsumars 2020 og ráða traustan aðila til þess verks. Leitað verði m.a. til sjóða um að styrkja slíkt verkefni og félögum og öðrum velunnurum samtakanna gefist kostur á að styðja við söguritunina með fjárframlögum. Aðalatriðið er að fyrir liggi rafræn útgáfa af sögu NAUST, sem síðar mætti birta að hluta eða í heild, t.d. sem sérhefti af Glettingi eða fylgirit með Múlapingi.

Ályktun samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Austurlands 2019 skorar á sveitarstjórnir Djúpavogshrepps, Fljótaldshrepps og Fljótaldshéraðs að gjalda varhug við áformum um virkjanaframkvæmdir í ám sem falla frá svonefndum Hraunum á sunnanverðu Austfjarðahálendi. Aðalárnar á þessu svæði sem ekki hefur þegar verið raskað eru:
 - a. Suðurá, Hofsa, Geithellaá, Hamarsá, Fossa og Berufjarðará í Djúpavogshreppi;
 - b. Fellsá ásamt með Sultarranaá og Strútsá í Fljótaldshreppi;
 - c. Gilsá á mörkum Fljótalds og Héraðs;
 - d. Geitdalsá í Norðurdal Skriðdals.

Allar falla ár þessar um langa og litríka dali, prýddar fögrum fossum. Upptakasvæði þeirra eru Hraunin, sem til forna nefndust Sviðinhornahraun. Þau búa yfir sérstæðu náttúrufari, smájökklum, vötnum og gróðurfari sem lítið hefur verið rannsakað hingað til. Ósnortin af raski hafa þessi vatnsföll og umhverfi þeirra mikið framtíðargildi. NAUST skorar á ofangreind sveitarfélög að beita sér sameiginlega fyrir friðlýsingu þess hluta Hraunasvæðisins sem ósnortinn er af virkjunum og vatnaflutningum í þeirra þágu. Hér er um að ræða náttúrufarslega afar sérstæðan hluta af hálendi Austurlands, bæði hvað varðar jarðfræði, vatnalíf og gróðurriki.

Ályktun samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Tillögur að lagabreytingum

Engar tillögur að lagabreytingum lagðar fram.

7. Inntaka nýrra félaga

Formaður greindi frá því að félagar væru 65 í dag. Andrés minntist á ný persónuverndarlög og að formenn félaga mættu eingöngu geyma upplýsingar um félagatal.

8. Kostning stjórnar

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir í stjórn.

- Kristín Amalía Atladóttir
- Daniela Gscheidel
- Kristján Ingimarsson
- Þórveig Jóhannsdóttir
- Andrés Skúlason
- Ína Gísladóttir sem varamaður
- Skarphéðinn sem varamaður

Tilnefning voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Ákveðið að stjórn myndi skipta með sér verkum eftir fundinn.

9. Önnur mál

Ekki voru önnur mál á dagskrá en þau Eyþór Eðvarðsson stjórnarformaður Votlendissjóðsins, (Votlendi og endurheimt þess) Steinunn Hödd Harðardóttir frá Vatnajökulsþjóðgarði (Hörfandi jökar) og Guðrún Schmidt (Sjálfbær þróun og loftslagsmál) voru öll með fyrirlestra.

Formaður þakkaði öllum kærlega fyrir komuna, sérstaklega fyrirlesurum fyrir áhugaverða fyrirlestra.

Fundi lauk um kl. 22.00